# Þriðjudagur 27. júní

DV

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Kossaleikir.** (Tungekysset). Norsk sjónvarpsmynd um 12 ára stúlku sem veltir því fyrir sér hvernig það sé að kyssa strák. Þýðandi Heiður Eysteinsdóttir.
18.15 **Freddi og félagar (17).** Þýsk teiknimynd. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Leikraddir Sigrún Waage.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Leðurblökumaðurinn.** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Tónsnillingar í Vínarborg.** (Man and Music – Classical Vienna). Lokaþáttur – Ljúfsárt líf. Breskur heimildamyndaflokkur í sex þáttum. Í þessum þætti er fjallað um Schubert en hann var alla tíð mjög elskur að sveitalífi.
21.25 **Blátt blóð.** (Blue Blood). Nýr, spennumyndaflokkur gerður í samvinnu bandarískra og evrópskra sjónvarpsstöðva. Aðalhlutverk Albert Fortell, Ursula Karven og Capucine. Ungur maður af aðalsættum kemst að raun um það, er faðir hans deyr, að hann er nánast eignalaus maður.
22.20 **Leiklist á Íslandi.** Umræðuþáttur í umsjá Þorgeirs Ólafssonar.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Bylmingur.**
18.00 **Elsku Hobo.** The Littlest Hobo.
18.25 **Íslandsmótið í knattspyrnu.**
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innskotum.
20.00 **Alf á Melmac.** Skondin og skemmtileg teiknimynd fyrir unga sem aldna.
20.30 **Visa-sport.** Blandaður þáttur með svipmyndum frá víðri veröld. Umsjón: Heimir Karlsson.
21.25 **Óvænt endalok.** Tales of the Unexpected. Spennuþættir með mjög svo óvæntum endalokum.
21.55 **Eins manns leit.** Hands of a Stranger. Framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Seinni hluti. Aðalhlutverk: Armand Assante, Beverly D'Angelo og Blair Brown.
23.45 **Einn á móti öllum.** Only the Valiant. Sígildur, svart/hvítur vestri með glæsimenninu Gregory Peck í hlutverki Lance herforingja.
1.30 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ólafur Jens Sigurðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Randveri Þorlákssyni.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Músin í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margréti Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (2.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Íris Erlingsdóttir syngur óperuaríur. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn** – Gengið um Suðurnes. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan** – Að drepa hermikráku eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir les þýðingu sína (8.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jónatan Ólafsson sem velur eftirlætislögin sín.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Mannlífsmyndir.** Umsjón: Ragnheiður Davíðsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Hvað eru alþjóðlegar sumarbúðir barna? Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Smetana og Tsjækovsky.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 3.00) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Músin í Sunnuhlíð og vinir hennar eftir Margréti Jónsdóttur. Sigurður Skúlason les (2.) (Áður útvarpað 1984.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Söngur og píanó.** – Úr rómönsu op. 33, eftir Johannes Brahms. Andreas Schmidt syngur við póanóundirleik Jörg Demus. – „Légendes" Helgisagnir eftir Franz Liszt. Alfred Brendel leikur á píanó. – Schlagende Herzen op. 29 nr. 3 eftir Richard Stauss. Kathleen Battle syngur við píanóundirleik James Levine.
21.00 **Listmeðferðarfræði.** Umsjón: Sigríður Pétursdóttir. (Endurtekinn úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)
21.30 **Útvarpssagan:** Svarfdæla saga. Gunnar Stefánsson les sögulok (6.).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Leikrit vikunnar:** Draugaskip leggur að landi eftir Bernhard Borge. Framhaldsleikrit í fimm þáttum. Fjórði þáttur: Boðið til svartrar messu. Útvarpsleikgerð: Egil Lundmo. Þýðandi: Margrét E. Jónsdóttir. Tónlist: smund Feidje. Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson. Leikendur: Halldór Björnsson, Eggert Þorleifsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Valgeir Skagfjörð, Hallmar Sigurðsson, Arnar Jónsson, Steindór Hjörleifsson, Sigurður Karlsson og Hanna María Karlsdóttir. (Einnig útvarpað á fimmtudag kl. 15.03)
23.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska tónlist. Að þessu sinni tónlist eftir Árna Björnsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Frá útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík: Íris Erlingsdóttir syngur óperuaríur. Umsjón: Hanna G. Sigurðardóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Magnús Einarsson. Rugl dagsins kl. 9.25. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Sérþarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Rugl dagsins kl. 15.30 og veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Auður Haralds talar frá Róm. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Sigrún Sigurðardóttir og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01).
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Ljúflingslög.** Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 í umsjá Svanhildar Jakobsdóttur.
03.00 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn frá rás 1 kl. 18.10)
03.20 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.**
Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Sigursteinn Másson.** Ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturstjörnur.**
Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

## Rót Útvarp FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Ferill og „FAN".** **Tónlistarþáttur E.**
12.30 **Rótartónar.**
13.30 **Kvennaútvarpið.** E.
14.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
15.30 **Laust.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Laust.**
18.30 **Mormónar**
19.00 **Yfir höfuð.** Valgeir Sævarsson leikur tónlist.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Kalli og Kalli.
21.00 **Goðsögnin um G.G.Gunn.** Tónlist, leikþættir, sögur o.fl. á vegum Gísla Þórs Gunnarssonar.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## ALFA FM-102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks/Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðjónsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur
14.45 **The Littles.** Teiknimyndasería
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Veröld Frank Bough's.** Fræðsluþáttur.
19.30 **Hail Hero.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Gemini Man.** Spennumyndaflokkur.

## SKY MOVIES

15.00 **Peter-No-Tail.**
17.00 **A Chorus Line.**
19.00 **The Fourth Protocol.**
21.00 **Record City.**
23.00 **A Night in Heaven.**

## EUROSPORT

9.30 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
10.30 **Hjólreiðar.** Keppni í Sviss.
11.30 **Eurosport – What a Week!** Kynning á viðburðum vikunnar.
12.30 **Vélhjólaakstur.** Grand Prix keppni í Hollandi.
13.30 **Box.** Ali gegn Frazier.
14.30 **Körfuknattleikur.** Evrópumót karla.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Frjálsar íþróttir.** Frá keppni í Nice.
18.00 **Knattspyrna.** Heimsmeistarakeppni unglinga undir 16 ára.
19.00 **Irish Open Golf.** Svipmyndir.
20.00 **Rugby.** Frá keppni í Ástralíu.
21.00 **Frjálsar íþróttir.** Frá keppni í Sviss.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **Tracking. Tónlist og viðtöl.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Íþróttir.** Snoker.
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Körfubolti. Úrslitakeppni í NBA.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

### Stöð 2 kl. 23.45:

# Einn á móti öllum

Hér er á ferðinni svart-hvítur vestri sem Gordon gamli Douglas leikstýrði árið 1950 með Gregory Peck í aðalhlutverki. Peck leikur ungan liðsforingja sem berst hetjulegri baráttu með örfáum liðsmönnum gegn ofurefli liðs indíána.

Kvikmyndahandbækur eyða ekki miklu plássi í þessa mynd en telja hana sæmilega afþreyingu. TV-movies gefur henni tvær stjörnur en Halliwell enga.

Þetta var fjórtánda myndin sem Gregory Peck, þá 34 ára gamall, lék í og var frægðarferill hans, sem hófst á Broadway 1942, rétt að hefjast. Hann lék í alls 53 kvikmyndum á ferlinum.

Gordon Douglas fæddist 1916 og hóf snemma að starfa við leikhús og kvikmyndir. Hann hóf leikstjórn árið 1936 og leikstýrði á ferli sínum, til ársins 1977, fjölda mynda og þótti jafnan sýna tæknilega getu og sjónræna fágun þótt handbragð hans skorti nokkuð persónulegan stíl. -Pá



**Gregory Peck fæddist 5. apríl 1916 í LaJolla í Kaliforníu. Hér sést hann í aðalhlutverki í myndinni Milljónaseðillinn sem gerð var árið 1953 eftir sögu Mark Twain.**

### Rás 1 kl. 22.30:

# Draugaskip leggur að landi

Fjórði þáttur framhaldsleikrits útvarpsins nefnist Boðið til svartrar messu.

Í síðasta þætti beindist athygli manna að gula herberginu sem hafði verið svefnherbergi Jónasar Korps, skipstjóra draugaskipsins. Húsgögn, sem höfðu verið flutt til, voru kommin aftur á sinn stað á morgnana án þess að íbúar hússins hefðu komið þar nærri. Og einn morgun sáust þar greinileg spor eftir blaut stígvél.

Cappelenhjónin, vinir Árna, eru þó sannfærð um að finna megi eðlilegar skýringar á fyrirbærunum. Þau grunar að miðaldafræðingurinn Phale, sem býr í nágrenninu, hafi ekki hreint mjöl í pokahorninu.

Höfundur leikritsins er Bernhard Borge en Karl Ágúst Úlfsson leikstýrir þýðingu Margrétar E. Jónsdóttur. Leikendur í fjórða þætti eru: Halldór Björnsson, Eggert Þorleifsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Guðbjörg Thoroddsen, Valgeir Skagfjörð, Hallmar Sigurðsson, Arnar Jónsson, Steindór Hjörleifsson, Sigurður Karlsson og Hanna María Karlsdóttir. -Pá

### Rás 1 kl. 21.00:

# Listmeðferðarfræði

Art therapy, sem stundum er kölluð listmeðferðarfræði eða listþjálfun á íslensku, er nú starfs- og fræðigrein sem er í örri þróun. Segja má að þar sé list eða önnur sjónræn skynjun notuð til lækninga eða í meðferðarlegum tilgangi.

Skilin milli listar annars vegar og listmeðferðar hins vegar eru að þegar listaverk verður til hjá lærðum og viðurkenndum listamanni er verkið sjálft, afurðin, miðpunkturinn og gildi þess fyrir listneytendur og þjóðfélag. Í listmeðferð er miðpunkturinn hins vegar þau tilfinningalegu áhrif sem það hefur á einstaklinginn að skapa.

Í kvöld verður endurtekinn þáttur frá í maí þar sem fjallað er um listmeðferð. Rætt verður við Sigríði Björnsdóttur sem varð fyrst Íslendinga til að læra hana og hefur hún starfað við listmeðferð um árabil. Umsjónarmaður þáttarins er Sigríður Pétursdóttir. -Pá

### Sjónvarp kl. 17.50:

# Franski kossinn

Snemma beygist krókurinn til þess sem verða vill. Stúlkur byrja snemma að hugsa um karlmenn og velta því fyrir sér hvernig nánu samneyti við þá sé háttað. Flestar táningsstúlkur dreymir um kossaflangs og daður daginn út og daginn inn.

Kossinn er einföld líkamleg athöfn og lítið töfrandi ef hann er skoðaður í sterku ljósi raunsæis. Skáld hafa engu að síður mært hann í ljóðum og fyrsti kossinn hefur öðlast sess sem merkur áfangi í ástalífsþroska hvers einstaklings.

Sjónvarpið sýnir fyrir börn norskt sjónvarpsleikrit sem fjallar um hugaróra 12 ára gamallar stúlku sem dreymir um hvernig sé að kyssa strák. Mynd fyrir alla sem aldrei hafa kysst nema í huganum. -Pá



**Fyrsta kossinn, ég kyssti rjóða vanga.**